

Skólinn skiptir máli!



SKÓLADEILD
AKUREYRARBÆJAR

Pekking | Leikni | Virðing | Vellíðan



SKÓLAVAL 2010
– kynntu þér málið

Skólaval

Það er stór stund í lífi hvers barns þegar það hefur skólagöngu í grunnskóla. Það er að hefja göngu sem mun vara næstu 10 ár og hafa mikil áhrif á allt líf þess. Það er því mjög mikilvægt að vel takist til. Í Akureyrarbæ stendur foreldrum til boða að velja í hvaða skóla börn þeirra fara í samræmi við skólastefnu Akureyrarbæjar og fjölskyldustefnu. Það er mikilvægt að foreldrar kynni sér starfsemi skólanna vel og hvað þeir hafa upp á að bjóða. Í þessum bæklingi er að finna stutt ágríp um starfsemi allra skólanna og yfirlit yfir sérúrræði, en auk þess er boðið upp á kynningarfundir sem foreldrar eru hvattir til að mæta á. Rétt er að taka fram að hvert barn á rétt til skólagöngu í sínum hverfisskóla og er þá miðað við gömlu skólahverfin. Í Naustaskóla verður boðið upp á kennslu fyrir nemendur í 1.-8. bekk. Nemendum í 9.-10. bekk í Naustahverfi verður ekið í aðra þá skóla sem þeir kjósa sjálfir að sækja, en Brekkuskóli er hverfisskóli þessara nemenda í Naustahverfi. Nemendur í Innbæ og Teigahverfi geta litið á Naustaskóla sem sinn hverfisskóla.

Skólanefnd Akureyrarbæjar

Viðmiðunarreglur við innritun

Skólar á Akureyri leggja sig fram um að mæta óskum foreldra og barna og taki á móti þeim börnum sem óskað er eftir skólavist fyrir í skólanum. Komi til þess að eftirspurn eftir námi í tilteknum skólum verði meiri en skólinn getur annað þarf að gæta jafnræðis og sanngirni gagnvart nemendum þegar tekin er afstaða til inngöngu þeirra í skólann.

Eftirfarandi þættir veða þyngst þegar innganga barna í skóla á Akureyri er metin:

1. Lögheimili á Akureyri
2. Nálægð heimilis við skóla
3. Systkini stunda nám í skólanum
4. Skólinn hefur betri forsendur en aðrir til að sinna sérþörfum viðkomandi nemanda
5. Aðrar persónulegar ástæður eða aðstæður fjölskyldu

Skólastjórnendur grunnskóla í Akureyrarbæ geta heimilað nemanda með lögheimili í öðru sveitarfélagi en Akureyrarbæ skólavist í viðkomandi skóla, enda sé nægjanlegt húsrými til staðar, ákvörðunin leiði ekki til viðbótarkostnaðar fyrir Akureyrarbæ og að fyrir liggi samningur við hlutaðeigandi sveitarfélag um greiðslu námskostnaðar.

Að öllu jöfnu ganga þeir nemendur fyrir sem eru innritaðir á auglýstum tíma.

Frístund

Öllum nemendum í 1.-4. bekk stendur til boða dvöl í frístund eftir að skóla lýkur á daginn og geta þau verið þar til kl. 16.15 á daginn. Á foreldradögum og flestum starfsdögum skólanna er frístund opin frá morgni. Einnig er opið í jóla- og páskafríum. Á hverju skólaári er frístund lokað sem svarar 3 dögum vegna samstarfsfunda og koma þeir dagar fram á skóladagatali skólans. Forskráning fer fram um leið og innritun í skóla. Staðfest skráning að hausti gildir út skólaárið. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður. Gjaldskrá má skoða á vef Akureyrarbæjar, www.akureyri.is.

Árholt - lengd viðvera fyrir fötluð börn

Lengd viðvera fyrir mikið fötluð börn 10-16 ára er í Árholti sem staðsett er á lóð Glerárskóla við Höfðahlíð. Gert er ráð fyrir því að allt að 12 fötluð börn geti nýtt sér þjónustuna þar. Þar gildir sama gjaldskrá og í frístund.

Markmið þjónustunnar í Árholti er að veita börnunum öruggt umhverfi að skóladegi loknum þar sem hlúð er að grunnþörfum þeirra með virkri þátttöku barnanna.

Skólamáltíðir

Við alla grunnskólana eru starfrækt skólamötuneyti, þar sem nemendum er boðið upp á heita máltíð í hádegi. Gjaldskrá má sjá á vef Akureyrarbæjar, www.akureyri.is.

PMT og SMT hjá Akureyrarbæ

Akureyrarbær hefur stofnað þjónustueiningu í PMT-foreldrafærni „Parent Management Training“. PMT er meðferðarúrræði fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika en hefur einnig það markmið að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika. Jafnframt mun SMT-skólafærni, sem byggir á hugmyndafræði PMT-foreldrafærni, verða innleidd í þá leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar, sem þess óska. SMT-skólafærni miðar að því að fyrirbyggja, koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda og taka á hegðunarvanda.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.pmt.akureyri.is eða hjá Þuríði Sigurðardóttur, verkefnisstjóra á Skóladeild, s: 460 1417.

Þeir skólar sem ekki velja að innleiða SMT-skólafærni hafa þá valið aðra viðurkennda aðferðafræði við agastjórnun og uppeldi, s.s. uppbyggingarstefnuna.

Brekkuskóli v/Skólastíg



Árgangar: 1.-10. bekkur

Fjöldi nemenda: 490

Fjöldi starfsmanna: 80

Skólastjóri: Jóhanna María Agnarsdóttir

Sími: 462 2525

www.brekkuskoli.is

Einkunnarorð: Menntun - gleði - umhyggja - framfarir

Brekkuskóli er nýlegur skóli sem stendur á gömlum grunni. Í starfi skólans er byggt á reynslu gamalla stofnana, Barnaskóla Akureyrar og Gagnfræðaskóla Akureyrar sem sameinaðir voru í einn skóla, Brekkuskóla, árið 1997. Jafnframt eru nýttir kostir þess að starfsemin fer fram í nýju og glæsilegu húsnæði þar sem aðbúnaður allur er hinn besti.

Í Brekkuskóla er verið að innleiða agastjórnunarstefnu sem nefnist Uppbyggingarstefna sem er aðferð til að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsaga. Einnig er unnið samkvæmt eineltisáætlun Olweusar sem eins og nafnið ber með sér er forvarnaráætlun gegn einelti.

Við leggjum mikla áherslu á góða skólabyrjun og erum í góðu samstarfi við leikskólana Naustatjörn, Hólmasól og Pálmholt.

Í upphafi hvers skólaárs eru viðtöl milli foreldra, nemenda og umsjónarkennara þar sem námið er kortlagt og áherslur vetrarins lagðar.

Lögd er áhersla á samvinnu og samábyrgð á milli foreldra og skóla og einnig að á milli þeirra ríki gagnkvæmt traust. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans, www.brekkuskoli.is.





Árgangar: 1.-10. bekkur

Fjöldi nemenda: 210

Fjöldi starfsmanna: 47

Skólastjóri: Helga Hauksdóttir (Rannveig Sigurðardóttir, vor 2010)

Sími: 460 9550

oddeyrarskoli@akureyri.is • www.oddak.akureyri.is

Einkunnarorð: Virðing - vinátta - viðsýni

Í **Oddeyrarskóla** eru nú um 210 nemendur og starfsfólk telur um 47 manns. Nemendur skiptast í tíu bekkjardeildir og er aðeins ein deild í hverjum árgangi.

Við viljum stuðla að jákvæðum, hlýlegum og persónulegum staðblæ innan skólans þar sem bæði nemendur og starfsfólk leggja sig fram um að sýna hvert öðru virðingu og sanngirni. Í skólanum er móttökudeild fyrir nýbúa og eru nemendur frá ýmsum þjóðlöndum í skólanum og eykur það enn við fjölbreytni mannlífsins í skólasamfélaginu.



Mjög gott samstarf er við leikskólann lðavöll og við viljum skapa skilyrði til náms með leik, sköpun og hefðbundnu bóknámi. Við tökum þátt í verkefni um byrjendalæsi, þar sem áhersla er lögð á fjölbreyttar aðferðir við lestrarkennslu og val á námsefni hjá yngri nemendum skólans.

Við vinnum skv. hugmyndafræði SMT (school management training). Þar er lögð áhersla á jákvæðan stuðning við hegðun nemenda, að nemendur fái skýr skilaboð og að skólareglur séu virkar og sýnilegar. Við erum einnig að auka samvinnu kennara í teymum til að gera undirbúning og kennslu skilvirkari og koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda. Samhliða þessu fjölga þeim bekkjum sem hafa tvo umsjónarkennara.

Við höfum verið leiðtoga skóli í foreldrasamstarfi og viljum fyrst og fremst leggja áherslu á traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur nemenda okkar. Meðal þeirra leiða sem við höfum farið í nýbreytnistarfi er að kennari verðandi 1. bekkinga fer heim til nemenda til að kynna sig og bjóða foreldra og barn velkomin í skólann. Síðan höfum við aftur heimsótt fjölskyldur við upphaf unglingsára, eða í 8. bekk. Við trúum því að samábyrgð og samvinna heimila og skóla sé hornsteinn að þroska og velferð barna og ungmenna og bjóðum foreldra og börn velkomin til samstarfs í Oddeyrarskóla.

Árgangar: 1.-10. bekkur

Fjöldi nemenda: 377

Fjöldi starfsmanna: 58

Skólastjóri: Úlfar Björnsson

Sími: 461 2666

www.gler.akureyri.is • glerarskoli@akureyri.is

Einkunnarorð: Hugur - hönd - heilbrigði

Glerárskóli leggur áherslu á að nemendum líði vel í skólanum, læri góð samskipti og leitist við að nýta hæfileika sína í námi og leik.

Við teljum að góð samvinna heimila og skólans leggi grunn að farsælli skólagöngu nemenda þar sem samábyrgð, gagnkvæm upplýsingamiðlun og traust er sett í öndvegi.

Skólinn er Olweusarskóli og tekur mið af Olweusaráætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli í starfi sínu. Sú fræðsla og vinna sem verkefnið byggir á þjónar þeim tilgangi að efla

og bæta skólastarfið, m.a. með aðgerðum gegn einelti. Kannanir á líðan nemenda eru framkvæmdar reglulega og er úrvinnslan notuð til frekari skólabróunar. Agastefna skólans kallast „Jákvæður agi“ og grundvallast á uppeldisstefnu sem nefnist Positive discipline en þar eru bekkjarfundir og vinna með nemendum á þeim lykilatriðið. Agastefnan er frekari útlustun á vinnubrögðum bekkjarfunda sem eru einnig einn af meginþáttum Olweusar. Á þessu ári byrjar skólinn að vinna að innleiðingu agastefnunnar. Á undanförunum árum hefur markvisst verið unnið að endurbótum á námsmati skólans. Markmiðið er m.a. að auka gæði kennslunnar og bæta námsárangur nemenda. Kennsluaðferðin „Byrjendalæsi“ er notuð með góðum árangri í 1. til 3. bekkjum í vetur og kennarar nemenda í 4. til 7. bekkjum hafa verið að kynna sér kennsluaðferðina „Orð af orði“ en þar er lögð áherslu á að auka lesskilning og orðaforða nemenda.

Skólasýn Glerárskóla felur m.a. í sér aukna áherslu á heilsuefingu, útivist, hreyfingu, list- og verkgreinar og grenndarkennslu. Þá er unnið samkvæmt umhverfisstefnu skólans og er skólinn í flokki Grænfánaskóla sem byggja á alþjóðlegri stöðlun vegna starfa að umhverfismálum.

Í skólanum er góð kennsluástaða. Í því sambandi má nefna að innangengt er úr skólanum í íþróttahúsi og sundlaug, m.a. það auðveldar okkur að gera skóladag nemenda samfelldan.

Leikaðstaða nemenda og jafnframt lýsing á skólalóðinni hefur verið bætt verulega og það hefur leitt til fjölbreyttara leiksvæðis sem kemur til með að nýtast nemendum skólans og íbúum hverfisins afar vel.



Lundarskóli v/Dalsbraut

Árgangar: 1.-10. bekkur

Fjöldi nemenda: 500

Fjöldi starfsmanna: 80

Skólastjóri: Þórhildur Helga Þorleifsdóttir

Sími: 462 4888

www.lundarskoli.akureyri.is • lundarskoli@akureyri.is



Leiðarljós: Lundarskóli, þar sem okkur líður vel.

Í **Lundarskóla** viljum við skapa gott námsumhverfi þar sem nemendum líður vel og læra á ólíka vegu. Því er lagður metnaður í þróun skólustarfs og sífellt leitað leiða til að koma til móts við alla nemendur.

Lundarskóli er teymisskóli og í ár er þriðja árið sem við nýtum teymiskennslu sem leið til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Teymiskennslan eykur sveigjanleika skólustarfsins og gefur tækifæri til fjölbreyttari félagatengsla. Litið er á hvern árgang sem eina heild



með fjölbreyttum námshópum í stað hefðbundinna bekkja. Því eru kennarateymi sem kenna hverjum árgangi og eru sameiginlega með umsjón og sinna fjölbreyttum námsþörfum nemenda. Við Lundarskóla er ráðgjafateymi sem í eru sérkennarar, iðjubjálfi og námsráðgjafi. Ráðgjafateymið er kennurum til aðstoðar vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning og utanumhald.


Í Lundarskóla eru notaðar fjölbreyttar kennsluáðferðir, með það að markmiði að mæta einstaklingsþörfum nemenda, bæta líðan þeirra, styrkja sjálfsmynd og efla námsárangur og færni í vinnubrögðum. Byrjendalæsi er í 1.-4. bekk og hefur verið síðastliðin fimm ár. Einnig er unnið eftir hugmyndum Læsis til framtíðar og þróunarverkefni HA, „Orð af orði“. Í Lundarskóla er stefnt að því að allir einstaklingar fái að njóta styrkleika sinna og t.d. er öflugt útiskólustarf. Tilgangur útiskólans er m.a. að nemendur geri sér grein fyrir því að þeir geta haft áhrif á umhverfið, lært í því og af því auk þess að hafa áhrif á eigið líf og lífsstíl. Útiskólafélag Skólalundur inn í Naustaborgum bættist við skólann vorið 2009 og hafa nemendur sinnt þar fjölbreyttum verkefnum.

Lundarskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði SMT-skólafærni en þar er lögð áhersla á jákvæðan stuðning við hegðun nemenda. Áhersla er á samræmd viðbrögð alls starfsfólks til að stuðla að jákvæðu andrúmslofti í skólanum.

Starfsfólk Lundarskóla leggur áherslu á gott og öflugt samstarf við foreldra. Foreldrar eru ætíð velkomnir í skólann og er einnig boðið í sérstakar heimsóknir bæði til kennara og skólastjórnenda.

Í skólanum er sérdeild fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausu nemendur.

Síðuskóli v/Bugðusíðu



Árgangar: 1.-10. bekkur

Fjöldi nemenda: 419

Fjöldi starfsmanna: 75

Skólastjóri: Ólafur B. Thoroddsen (Sigríður Ása Harðardóttir, vor 2010)

Sími: 462 2588.

www.siduskoli.is • siduskoli@akureyri.is

Höfuðmarkmið: Að skapa öruggar og uppbyggjandi aðstæður, þannig að nemandinn fái kennslu við hæfi og þroskist í samræmi við getu.

Einkunnarorð: Ábyrgð - virðing - vinátta

Í **Síðuskóla** er lögð áhersla á líðan nemenda, almenn jákvæð samskipti, umburðarlyndi, tillitssemi og að nemendur öðlist ákveðna grundvallarþekkingu og færni. Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við foreldra og forráðamenn nemenda en það er grundvöllur þess að barninu líði vel og nái árangri í skólanum.

Lestur er undirstaða alls bóknáms og þess vegna er alltaf verið að leita leiða til að bæta þá kennslu til að ná betri árangri. Þróunarverkefnið Byrjendalæsi er í 1.-3. bekk. Orð af orði er kennt í 4.-7. bekk til eflingar á lesskilningi nemenda.

Fjölbreyttar kennsluáðferðir skipta miklu máli til að mæta mismunandi þörfum einstaklinga og viðhalda áhuga. Í mörgum árgöngum eru í gangi ýmis verkefni með áherslu á einstaklingsmiðaða kennsluhætti og einnig hafa kennararnir verið að þróa með sér teymisvinnu þar sem árgöngunum er blandað saman, skipt upp í hópa og/eða á svæði. Námsfernið er kennt í þeim þar sem áhersla er lögð á skapandi starf og sjálfstæð vinnubrögð.

Síðuskóli er í samstarfi með skólum víðsvegar í Evrópu (eTwinning og Comenius). Verkefni eru fyrir nemendur 1.-10. bekkjar en hingað til hefur mest verið unnið með elstu árgangana.

Í skólanum er starfað eftir hugmyndafræði SMT-skólafærni. Hugmyndin byggir á jákvæðum stuðningi við hegðun nemenda. Þar er lögð áhersla á að mæta ólíkum hópum nemenda með samræmdum viðbrögðum alls starfsfólks sem stuðlar að jákvæðu andrúmslofti í skólasamfélaginu.

Síðuskóli flagnar nú Grænfanánum í annað sinn en hann er alþjóðleg viðurkenning fyrir störf að umhverfismálum. Á hverju skólaári er umhverfisdagur auk fleiri þemadaga þar sem umhverfismennt og grenndarkennsla er í heiðri höfð.

Góð aðstaða er til allrar kennslu og vel búið að list-, verkgreina- og íþróttakennslu. Það er danskennsla í 1.-7. bekk og heimilisfræði frá 1. bekk. Skólalóðin er vel skipulögð og á hverju hausti er sett upp ákveðið skipulag fyrir frímínútur.

Í skólanum er sérdeild fyrir einhverf börn.



Árgangar: 1.-10. bekkur

Fjöldi nemenda: 392

Fjöldi starfsmanna: 70

Skólástjóri: Jón Baldvin Hannesson

Sími: 462 4820

www.giljaskoli.akureyri.is • giljaskoli@akureyri.is

Sýn: Metnaður - Viðsýni - Ábyrgð - Virðing - Lífsgleði - Kærleikur

Einkunnarorð: Gerum okkar besta

Sýn **Giljaskóla** tekur mið af því hvað kemur einstaklingi best að tileinka sér til að ná árangri í lífinu. Skólinn vill, í góðu samstarfi við foreldra, stuðla að því að nemendur hans nái árangri í námi á öllum skólastigum, efla siðferðilegan styrk og metnað, eigi farsæl samskipti við samferðamenn, vini og fjölskyldumeðlimi og njóti sín í þeim störfum sem þeir taka sér fyrir hendur í framtíðinni.



Til að ná góðum árangri leggur Giljaskóli sérstaka áherslu á framangreind lífsgildi. Lífsgildin eiga að endurspeglast í vinnubrögðum og viðmóti starfsmanna,

viðfangsefnum nemenda, vinnubrögðum og hegðun nemenda innan sem utan skólans og samskiptum milli nemenda, starfsmanna og foreldra. Einkunnarorðin „Gerum okkar besta“ endurspeglar viljann til að læra og þroskast, gera mistök að sjálfsgöðu, en ætíð með viðmiðið um að gera betur en áður. Ekki að gera betur en aðrir, heldur betur en við höfum sjálf náð hingað til.

Samskipti og agamál eru unnin samkvæmt Uppbyggingarstefnunni. Það er uppeldisstefna sem miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsgæta, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, að læra og vaxa af mistökum í samskiptum. Uppbygging fjallar meðal annars um hvernig sá sem brýtur af sér leiðréttir sig til að geta orðið sá maður sem hann vill vera. Dregið er úr ásökunum og ótta og horft til framtíðar frekar en fortíðar þegar eitthvað fer úrskaiðis.

Kennsluhættir eru í stöðugri þróun. Lögð er áhersla á farsæla skólabyrjun með góðu samstarfi við leikskóla og foreldra. Unnin eru samstarfsverkefni með leikskólunum Kiðagili og Tröllaborgum og farið er í heimsóknir á heimili nemenda áður en þeir hefja skólagöngu. Aðferð við lestrarkennslu yngstu nemenda er byrjendalæsi þar sem unnið er út frá merkingarþærum textum og lögð áhersla á talmál og textavinnu til að auka orðaforða og lesskilning og byggja upp ritun. Enskukennsla hefst í 1. bekk.

Í skólanum er sérdeild fyrir börn með alvarlega greindar- og hreyfifötlun.

Árgangar: 1.-8. bekkur

Fjöldi nemenda: u.þ.b. 190

Fjöldi starfsmanna: 28-30

Skólastjóri: Ágúst Jakobsson

Sími: 460 4100

www.naustaskoli.is • naustaskoli@akureyri.is

Námsaðlögun – athvarf – umhyggja – samvinna – táp og fjör – allir með!

Naustaskóli hóf starfsemi síðastliðið haust með liðlega 150 nemendum í 1.-7. bekk og 24 starfsmenn. Næsta haust bætist 8. bekkur við og þá gerum við ráð fyrir að verða komin með u.þ.b. 190 nemendum og tæplega 30 starfsmenn. Búið er að reisa fyrri áfanga skólahúsnæðisins en það einkennist af opnum kennslurýmum, enda miðar hönnun skólans að sem mestum sveigjanleika í skipulagi og öllu starfi. Lögð er megináhersla á að koma til móts við hvern og einn nemanda þannig að styrkleikar allra fái notið sín. Nemendum er að mestu kennt í aldursblönduðum hópum og annast teymi tveggja eða fleiri kennara kennslu hvers hóps. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og að þróa ábyrgð nemenda sjálfra á námi sínu,



m.a. með einstaklingsáætlunum. Við nýtum okkur kosti þemanáms og leggjum áherslu á fjölbreytni í list- og verkgreinakennslu, einnig veitum við nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu sína á þeirra eigin áhugasviðum. Það er markmið okkar að eiga gott samstarf við foreldra og þeir eru hvattir til að vera virkir þátttakendur í námi barna sinna. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann og hafa reyndar stutt umtalsvert við skólastarfið, m.a. með sjálfböðavinnu af ýmsu tagi. Í samskiptum okkar við nemendur leggjum við áherslu á samvinnu og jákvæðan aga, þ.e. að horfa á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki henni, einnig vinnum við að jákvæðri félagsmótun nemenda með reglulegum bekkjarfundum og samskiptakennslu. Samverustundir eru fastur liður í starfinu, en þar koma nemendur saman, syngja, leika og sýna listir sínar. Naustaskóli stendur við hlið leikskólans Naustatjarnar og í húsinu er ein deild frá leikskólanum staðsett. Stofnanið hafa töluvert samstarf sín á milli og er gagnkvæmur áhugi á að þróa það enn frekar. Þar sem Naustaskóli er ung stofnun er mikið mótunarstarf framundan á næstu árum og bjóðum við nýja nemendur og foreldra velkomna til samstarfs.

Hríseyjarskóli

Árgangar: 1.-10. bekkur

Fjöldi nemenda: 18

Fjöldi starfsmanna: 5

Skólastjóri: Þórunn Björg Arnórsdóttir

Sími: 466 1763

www.gshrisey.akureyri.is • thorunna@akureyri.is



Leiðarljós:

Manngili; við kennum nemendum okkar að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og við látum hæfileika hvers og eins njóta sín.

Þekking; við eflum þekkingu nemenda okkar með fjölbreyttum verkefnum og kennum þeim að vera sjálfstæð í þekkingarleit.

Metnaður; við setjum okkur háleit markmið og leggjum okkur fram við að ná þeim.

Hríseyjarskóli er fámennur skóli með 18 nemendur í grunnskóladeild í 1. til 10. bekk, og 19 nemendur í leikskóladeild. Við leggjum áherslu á einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Í Hríseyjarskóla er starfað eftir kerfi Olweusar þar sem við stefnum að því að koma í veg fyrir einelti og að efla félagsvitund nemenda. Skólinn hefur þrisvar hlotið Grænfánann sem er alþjóðlegt umhverfismerki veitt þeim skólum sem þykja standa sig vel í umhverfisfræðslu, fyrst vorið 2005 síðan 2007 og síðast vorið 2009. Við erum með samkenslu í öllum árgöngum og er misjafnt hversu aldursbreiðir og stórir samkensluhóparnir eru. Við erum í skemmtilegu húsnæði sem við samnýtum með leikskóladeildinni, þá höfum við nýja og glæsilega íþróttamiðstöð, auk þess sem við nýtum umhverfi skólans og náttúruna í kringum okkur til umhverfis- og grendarkenslu.



Grímseyjarskóli

Árgangar: 1.-8. bekkur og leikskóladeild

Fjöldi nemenda: 16

Fjöldi starfsmanna: 5

Skólastjóri: Hulda Signý Gylfadóttir

Sími: 467 3138

huldasigny@kureyri.is



Leiðarljós:

Manngildi; í Grímseyjarskóla er lögð áhersla á að nemendur og kennarar komi vel fram við alla og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Þá er lögð áhersla á félagsþroska og tengsl nemenda við hvern annan.

Þekking; áhersla er á fjölbreyttar kennsluáðferðir svo mæta megi þörfum og áhugasviði hvers og eins nemanda eins vel og kostur er. Tenging við umhverfið er mikil.

Metnaður; leitast er við að nemendur sýni metnað í öllu starfi sem tengist skólanum hvort sem um er að ræða nám, samskipti, umgengni eða aðra þætti skólastarfsins.

Í Grímseyjarskóla eru 11 nemendur í 1.-8. bekk og 5 nemendur í leikskóladeild. Við leggjum áherslu á sjálfstæði og einstaklingsmiðaða kennsluhætti, en um leið er okkur mikilvægt að nemendur læri að vinna saman á árangursríkan hátt. Í litlum skóla gefst okkur gott tækifæri til að efla félagsvitund og þroska nemenda þar sem 8 árgöngum er kennt í 2 stofum. 1.-3. bekkur eru saman og 4.-8. bekkur. Að auki eru 8 kennslustundir á viku þar sem allir árgangar eru saman hjá einum kennara. Í Grímseyjarskóla gefst okkur gott tækifæri til að tengja námið við náttúruna, vinnustaði og heimilin.



Sérskólar - sérdeildir

Hlíðarskóli Skjaldarvík, 601 Akureyri

Árgangar: 1.-10. bekkur

Fjöldi nemenda: 18-20

Fjöldi starfsmanna: 12

Skólastjóri: Bryndís Valgarðsdóttir

Sími: 462 4068

hlidarskoli@akureyri.is • www.hlidarskoli.akureyri.is



Leiðarljós: Jákvæð afstaða til manneskjunnar og tiltrú á getu hennar til breytinga og þróunar þar sem leitast skal við að byggja á styrk hvers og eins.

Allir hafa hið góða í sér og hæfileikann til að verða betri manneskjur.

Hlíðarskóli er sérúrræði innan grunnskólakerfis Akureyrarbæjar fyrir nemendur sem eiga við vanda að stríða sem gera þeim erfitt að þrífast, líða vel og stunda árangursríkt nám í almennum grunnskóla. Má þar nefna t.d. félags- og tilfinningaleg vandamál, verulegan hegðunar- og aðlögunarvanda, samskiptaraskanir, ýmis vandamál á einhverfurófinu, sértæka námserfiðleika og fatlanir af ýmsum toga. Almenn er miðað við að skólavist sé tímabundið úrræði sem tekur við þegar reynt hefur verið til þrautar að mæta þörfum nemandans í heimaskóla hans og er 1-3 ára skólavist algengur tími. Í sumum tilvikum getur þurft lengri tíma. Nemendur fá tækifæri til þess að nema á sem fjölbreyttastan hátt til þess að hinir ýmsu greindarþættir þeirra og sterkar hlíðar fái notið sín og því byggir kennslan á fjölbreytni og tekur tillit til mismunandi þarfa þeirra.

Þátttaka foreldra er mjög mikilvægur þáttur í starfinu og er mikil áhersla lögð á að styðja og styrkja foreldra í uppeldislutverki þeirra. Tveir fjölskylduráðgjafar starfa við skólann auk kennara og uppeldisfulltrúa og er vinna þeirra mjög veigamikill þáttur í öllu starfi skólans. Unnið er m.a. með atferlismótun, SMT og PMT og einnig hefur skólinn notað ART hugmyndafræðina í vinnunni með nemendur og í stuðningi við foreldrana.

Helstu samstarfsaðilar Hlíðarskóla eru Barna- og unglingageðdeild FSA, skóla-, fötlunar- og barnaverndarteymi Fjölskyldudeildar og Heilsugæslustöð Akureyrar.

Meginhlutverk skólans er:

- Að vinna úr vanda nemenda í samvinnu við foreldra, heimaskóla og önnur úrræði eftir því sem við á þannig að þau geti stundað nám í almennum grunnskóla sér til gagns og ánægju.
- Að endurskipuleggja nám og námsaðferðir.
- Að veita foreldrum markvissa uppeldis- og foreldraráðgjöf.
- Að veita Grunnskólum Akureyrar fræðslu og ráðgjöf um málefni markhóps skólans.

Skólinn er til húsa í fjórum af húsum Skjaldarvíkur u.þ.b. 5 km. norðan Akureyrar. Í einu húsinu eru yngstu nemendurnir ásamt fjölskylduráðgjöfunum, í öðru eru aðrir nemendur ásamt skólastjóra og í því þriðja er aðstaða fyrir fjölbreyttar hand- og verkmenntir. Fristundaráymi er í stóra Skjaldarvíkurhúsinu þar sem nemendur geta skemmt sér í frímínútum, spilað borðtennis, fótboltaspil og gripíð í hljóðfæri.

Skóladagurinn er samfelldur, nemendur keyrðir til og frá skóla og bæði staðgöður morgun- og hádegisverður á boðstólum.

Skólinn er að marka sér umhverfisstefnu og leggur áherslu á umhverfismennt og útinám. Í upphafi og lok hvers skólaárs eru útidagar og þá fer kennslan að mestu fram utandyra og nánasta umhverfi skólans nýtt eins og kostur er. Dýrahald hefur reynst vel sem hluti af starfsemi skólans og er stefnt að því að reyna að auka þann þátt.



Brugðið á leik í Brekkuskóla

Sérdeild fyrir fjölfötluð börn í Giljaskóla

Hlutverk sérdeildar Giljaskóla er að sinna kennslu og þjálfun barna með alvarlega greindar- og hreyfifötluð ásamt því að veita ráðgjöf til kennara, foreldra og annarra sem tengjast þessum hópi nemenda.

Kennt er í samræmi við metnar námsþarfir hvers nemanda eins og þær eru skilgreindar í einstaklingsnámskrá viðkomandi. Námsstilboð eru fjölbreytt og kennsluáðstæður vel skipulagðar. Námið fer fram eftir þremur samþættum leiðum.

Þroskamiðað nám: Áhersla er lögð á að efla þroska á sviði skynjunar, hreyfingar, boðskipta, hugsunar, félags- og tilfinningalegs þroska.

Færnismiðað nám: Áhersla er lögð á að auka færni nemenda í að takast á við daglegt líf, s.s. sjálfshjálp, einföld störf og tólmstundir.

Reynslumiðað nám: Áhersla lögð á að byggja upp reynsluheim nemenda þannig að þeir geti gert sér skýrari mynd af umhverfinu sem þeir lifa í og upplifað það á innihaldsríkan hátt.

Sérdeild fyrir einhverf börn í Síðuskóla

Hlutverk sérdeildar í Síðuskóla er að sinna:

- Kennslu barna með einhverfu og skyldar tegundir fötlunar, í öllum skólahverfum bæjarins.
- Ráðgjöf til kennara, foreldra, skólavistana og annarra sem koma að kennslu og umönnun nemenda með einhverfu á Akureyri og nágrenni.

Nemendum sérdeildar er kennt í samræmi við einstaklingsnámskrá, sem gerð er með hliðsjón af einstaklingsþörfum. Kennslan í sérdeildinni byggir á TEACCH aðferðafræði (Treatment and Education of Autistic and related Communication handicapped Children) sem er rammi um allt starf sem fram fer í sérdeildinni. TEACCH aðferðafræðin hefur einnig verið notuð við kennslu einhverfra barna í leikskólum Akureyrar.

Eitt af markmiðum sérdeildarinnar er að efla og styrkja félagsleg tengsl nemendanna við aðra nemendur skólans. Nemendur sérdeildarinnar eiga sinn tengslabekk. Lögð er áhersla á að samskiptan (blöndun) sé í samræmi við þarfir og getu hvers einstaklings og misjafnt er hversu mikið nemendur eru inni í bekk.



Uppteknir nemendur í Síðuskóla


Móttökudeild í Oddeyrarskóla fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál

Móttökudeildin er fyrir alla nemendur bæjarins sem hafa enga eða mjög takmarkaða kunnáttu í íslensku. Þar er sérstök áhersla á íslenskukennslu en auk þess er reynt að efla félagsleg tengsl nemenda og kynna þeim næsta umhverfi. Í íslenskukennslunni er fyrst lögð áhersla á kennslu í daglegu máli og samskiptum, áður en hugað er að ritmáli og málfræðireglum.

Kennt er í litlum hópum og umsjónarkennari heimabekkjar og kennari deildarinnar hafa samvinnu um skipulag og áherslur í námi hvers einstaklings.

Kennarar hafa farið í heimsóknir til nemenda og fjölskyldna sem eru ókunn íslensku samfélagi og skólakerfi til að spjalla um skólagöngu í nýju og oft framandi umhverfi.

Að jafnaði eru nemendur í deildinni í tvo vetur en eftir það sér hver skóli um frekari aðstoð við íslenskunám nemenda sinna ef þörf er á.



Sérdeild fyrir heyrnarskerta í Lundarskóla

Deildin er fyrir heyrnarskert börn og veitir heyrnarskertum nemendum úr öllum hverfum bæjarins þjónustu.

Hlutverk deildarinnar er að sinna kennslu og þjálfun barna með heyrnarskerðingu, sinna ráðgjöf til kennara, foreldra og annarra sem tengjast þessum hópi nemenda ásamt þjónustu fyrir heyrandi börn heyrnarlausra foreldra.

Nemendur sem eiga Lundarskóla sem heimaskóla sitja í almennri bekkjardeild en fá kennslu og þjónustu sem má skipta í þrennt: þjónustu við nemendur sem sækja *sérkennslu í sérkennslurými* í smærri hóp, þjónustu þar sem nemendur sækja *kennslu í almennri bekkjardeild* með stuðningi frá sérkennara/ táknafræðingi, þjónustu þar sem einstaklingur sækir *einkakennslu* utan hefðbundins skólatíma.



SKÓLADEILD
AKUREYRARBÆJAR

Kynningarfundur um val á grunnskóla 2010

Miðvikudaginn 10. febrúar kl. 20:00-22:00
í sal Lundarskóla.

Dagskrá:

Ávarp, Elín Margrét Hallgrímsdóttir, formaður skólanefndar

Kynning á Lundarskóla

Kynning á Síðuskóla

Kynning á Naustaskóla

Kynning á Oddeyrarskóla

Kynning á Giljaskóla

Kynning á Brekkuskóla

Kynning á Glerárskóla

Fyrirspurnir

Stjórnandi fundarins er Gunnar Gíslason, fræðslustjóri

Grunnskólarnir verða með opið hús kl. 09:00-11:00 fyrir foreldra eftirtalda daga í febrúar:

Fimmtudaginn 11. febrúar - Glerárskóli og Lundarskóli

Mánudaginn 15. febrúar - Oddeyrarskóli, Brekkuskóli og Giljaskóli

Þriðjudaginn 16. febrúar - Síðuskóli og Naustaskóli

Foreldrar barna sem fædd eru árið 2004 eru hvattir til að mæta!

Útgefandi: Skóladeild Akureyrarbæjar
Ljósmynd á forsíðu: Börn í 1. bekk Brekkuskóla
Ljósmyndir: Stíll, Grunnskólarnir á Akureyri
Hönnun: Stíll